



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Aðalfundur 24. apríl 2024

Staðsetning fundar: Fundarsalur Verkís

Dagsetning: mið 24.4.2024 kl. 14:00

Fundargestir:

Fulltrúar GB: Íris, Alexandra, Sunna, Ragnar, Sirrý, Áróra. Fjarverandi: Anna, Olga

Aðildarfélagar GB: ...

Fundarritari: Alexandra Kjeld

Fundarstjóri: Bjarni Þórólfsson

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2023-2024:

1. Íris Þórarinsdóttir (ÍP), formaður - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
2. Alexandra Kjeld (AK), ritari og varaformaður – EFLA - alk@efla.is
3. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), gjaldkeri – Reginn – sunna@reginn.is
4. Ragnar Ómarsson (RÓ), meðstjórnandi– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
6. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – HMS – olga.arnadottir@hms.is
7. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – annasj.ark@gmail.com

Áróra Árnadóttir (ÁA) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Fundarritari og fundarstjóri kosinn. Löglega er boðað til fundar.

2. Fræðsluerindi

Fundarstjóri kynnir fræðsluerindi fyrir hefðbundin aðalfundarstörf:

- Kolefnisreiknir fyrir innviði – Magnús Arason frá EFLU kynnir samræmdan kolefnisreikni, LOKA, sem unninn er fyrir Vegagerðina og byggir á norrænum fyrirmyndum. Beta útgáfa er nú í prófun er gert er ráð fyrir að reiknirinn verði aðgengilegur sumarið 2024.
- Innleiðing lífsferilsgreininga í byggingarreglugerð - Þóra Margrét Þorgeirsdóttir hjá HMS fjallar um Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð (júní 2022) og innleiðinguna sem staðfest var 26. mars, og felur í sér kröfu frá og með 1. september 2025 fyrir allar byggingarleyfis skyldar framkvæmdir í umfangsflokki 2 og 3, en um er að ræða fyrsta áfanga í heildarendurskoðun á brg. Um 18 mánaða aðlögunartímabil er að ræða fram að gildistöku, með áherslu á samráð og fræðslu. Nánari upplýsingar eru að finna á hms.is/lifsferilsgreining

3. Skýrsla stjórnar



Formaður stjórnar, Íris Þórarinsdóttir hjá Reitum, fer yfir skýrslu stjórnar – sjá ársskýrslu.

„Starfsemi Grænni byggðar hefur eflst mikið undanfarin ár. Starfsfólk telur nú 4 einstaklinga og umfang verkefna, skipulag og þátttaka í viðburðum er mikil og fjölbreytt. Verkefniin spanna allt frá hringrásarhagkerfinu, losunarlausum verkstöðum, orkunotkun bygginga, vottunum og allt þar á milli.

Stjórn Grænni byggðar leitaði til aðila félagsins í upphafi árs til að taka þátt í stefnumótunarvinnu. Þátttakan var góð og aðilar völdu áhersluatriði félagsins til næstu ára og 5 ára markáætlun var endurskoðuð. Það var dýrmætt fyrir stjórnina að fá gott spjall og endurgjöf frá aðildarfélögunum.

Efst á lista yfir áhersluatriði félagsins eftir stefnumótunarvinnuna var hringrásarhagkerfið og má alveg segja að það sé í takt við umræðuna í samfélaginu. Félagið hefur unnið markvisst að eflingu og vitundavakningu á hringrásarhagkerfinu og er með starfsmann í fullu starfi sem vinnur að hringrásarverkefnum. Í lok árs var haldinn stofnfundur Hringvangs, en Hringvangi er ætlað að verða sjálfstæður hringrásarvettvangur aðila í byggingariðnaði. Grænni byggð mun halda utan um starfsemina til að byrja með, á meðan Hringvangur skýtur rótum og nær fótfestu sem sjálfstæður vettvangur.

Nokkur fyrirtæki hafa þegar gerst formlegir aðilar og styrkt Hringvang.

CIRCON rannsóknarverkefnið hefur verið keyrt á fullum krafti í tvö ár og sem hluti af því héldum við stórt og vel heppnað málþing í Laugardalshöll þar sem hringrás í byggingariðnaði var rædd út frá mörgum hliðum. Í upphafi árs var einnig stefnumót Hringrásar og margir minni fundir og fyrirlestrar um hringrásarhagkerfið hafa verið á dagskrá. Áhugavert verður að fylgjast með aukinni hringrásarhugsun í byggingariðnaðinum á komandi árum.

Í öðru sæti yfir áhersluatriði á stefnumótunarfundinum var kolefnisspor bygginga. Grænni byggð tekur þátt í verkefnum tengdu kolefnisspori bygginga og fulltrúi stjórnarinnar situr í verkefnahópi sem er að samræma aðferðafræði við gerð lífsferilsgreininga fyrir íslenskar byggingar. Niðurstöður úr þeirri vinnu voru kynntar á árinu og skilyrði um gerð lífsferilsgreininga fyrir nýbyggingar í byggingareglugerð liggja fyrir. Nú þegar krafa um gerð lífsferilsgreininga fyrir nýbyggingar er að koma inn í reglugerð mun umfjöllun og þekking á lífsferilsgreiningum aukast og verðmætar upplýsingar um kolefnisspor bygginga á Íslandi verða til.

Græna skóflan var veitt í annað sinn á árinu, en það var FSRS auk samstarfsaðila sem tók við skóflunni fyrir Móberg, hjúkrunarheimili í Árborg. Græna skóflan er viðurkenning fyrir mannvirki sem byggt hefur verið með framúrskarandi vistvænum og sjálfbærum áherslum. Grænu skóflunni er ætlað að vera hvati til sjálfbærni í mannvirkjagerð og eru verðlaunin hluti af aðgerðarpakka í Byggjum grænni framtíð undir kaflanum; Hvatar til umskipta. Efnahagslegir hvatar til sjálfbærni voru einmitt valdir sem þriðja stærsta áhersluatriði í stefnumótunarfundi Grænni byggðar.

Dagur grænni byggðar var haldinn í september og var skemmtilegur og fróðlegur að vanda og margir minni fundir og málþing voru á dagskrá. Það er einmitt eitt af aðalhlutverkum Grænni byggðar að halda uppi fræðslu og það gerum við mest með viðburðum, en einnig t.d. með upplýsingum á samfélagsmiðlum og í fréttabréfum.

Það er ótrúlega gaman að vinna að verkefnum Grænni byggðar og mikil vitundarvakning sem hefur átt sér stað í byggingariðnaðinum síðastliðin ár. Því má að miklu leiti þakka kraftmiklu starfsfólki Grænni byggðar. Eins hefur verkefnið Byggjum grænni framtíð, sem



HMS stýrir svo rösklega, verið kröftug innspýting í vistvæna mannvirkjagerð. Grænni byggð skipar tvö sæti í verkefnastjórn Byggjum grænni framtíðar auk þess sem félagið fósttar fullt af aðgerðum í vegvísinum. Skrifstofa Grænni byggðar flutti til HMS á árinu og hefur það verið gæfuspor að njóta þeirrar aðstöðu og samstarfs við sérfræðinga þar.

Við hjá Grænni byggð finnum að það er sífellt meira til okkar leitað með aðkomu að allskonar verkefnum og við fögnum því. Við sitjum í fjölda verkefnahópa og tökum þátt í fjölbreyttum rannsóknarverkefnum. Á árinu birtum við þrjár skýrslur og skipulögðum eða tókum þátt í fjöldan allan af málþingum og fundum. Við heyrum að starfsfólki okkar er hrósað fyrir þeirra starf og að vinna okkar skiptir máli og því erum við stolt af. Ég vil þakka frábæru starfsfólki Grænni byggðar, aðilum félagsins og samstjórnendum mínum í félaginu kærar þakkir fyrir blómlegt ár og gott samstarf.“

4. Skýrsla stjórnar

Áróra fer yfir ársskýrslu og ársreikning sem er að finna á heimasíðu Grænnar byggðar, m.a. yfirlit yfir aðildarfélagi og helstu breytingar, starfsfólk, stjórn, rannsóknarverkefni á vegum GB, viðburði, námskeið og fyrirlestra, skýrslur og útgáfur ársins, græna stefnumótun o.s.frv.

Farið var einnig yfir fjárhagsáætlun 2024.

Ársskýrsla 2023 var borin upp til samþykktar og er samþykktur samhljóða af fundargestum.

5. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár

Formaður fer yfir starfsáætlun stjórnar sem byggir m.a. á stefnumótunarfundi meðal aðildarfélagi á árinu 2023. Ragnari Ómarssyni, fyrrverandi formanni og fráfarandi stjórnarmanni, voru veittar sérstakar þakkir vegna gerðar fyrstu markáætlunar og utanumhald um stefnumótunarvinnu af hálfu Grænnar byggðar.

REKSTUR	STARFSEMI	ÁHERSLUR
<p>Að halda áfram markvissri sókn til að fjölga aðildarfélögum</p> <p>Skipuleggja viðburði fyrir aðildarfélög þar sem fjallað verður um vistvæna þróun við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi</p> <p>Þjóða upp á samtalsfundi og kynningu fyrir aðildarfélög í flokki 1 og 2</p> <p>Að styrkja tengsl Grænni byggðar við önnur félög á Norðurlöndum og í Evrópu</p>	<p>Að halda Dag Grænni byggðar</p> <p>Að koma að reglubundnum námskeiðum um sjálfbærni í skipulagi og mannvirkjagerð í samstarfi við aðra</p> <p>Að skipuleggja og halda reglulega fræðslufundi</p> <p>Að koma á 2-4 aðilaviðburðum þar sem sérfræðingar á sviði sjálfbærni halda fyrirlestur og taka þátt í umræðum</p> <p>Að veita Grænu skófluna</p> <p>Að veita stjórnvöldum ráðgjöf um stefnumótun á vettvangi sjálfbærni</p>	<p>Að halda áfram að vinna að styrkhæfum rannsóknarverkefnum á sviði sjálfbærni í mannvirkjagerð sem gera ráð fyrir innlendu og erlendu samstarfi</p> <p>Að leitast við að gera erlent fræðsluefni aðgengilegt</p> <p>Að setja upp og auglýsa til úrvinnslu meðal háskólanema úrval af verkefnum á sviði sjálfbærni í mannvirkjagerð og veita nemendum stuðning í gegnum tengslanet Gb</p> <p>Að koma að málþingum um hin ýmsu málefni í samvinnu við önnur félög</p>

6.



7. Kjör stjórnar

Kosið var um 5 sæti; 4 til tveggja ára og 1 til eins árs. Þeir 4 einstaklingar með flest atkvæði taka sæti til tveggja ára, og sá fimmti tekur sæti til eins árs.

Alexandra og Ragnar yfirgefa stjórn eftir annarsvegar 4 ára, hinsvegar 6 ára stjórnarsetu. Íris og Anna Kristín sitja áfram og eiga 1 ár eftir af kjörinni stjórnarsetu. Olga yfirgefur stjórn á miðju tímabili og er því eitt sæti laust til eins árs.

Frambjóðendur kynna sig:

- Alexander Helgason, Búseti
- Anna Kristín Hjartardóttir, EFLA
- Sandra Ósk Karlsdóttir, Verkís
- Elín Þórólfsdóttir, HMS
- Sirrý Bjarnadóttir, Hornsteinn/BM Vallá
- Sunna Hrönn Sigmarsdóttir, Reginn

Fjöldi atkvæða; hvert aðildarfélag má dreifa atkvæðum á milli einstaklinga

- Fyrsti flokkur (6 atkvæði)
- Annar flokkur (4 atkvæði)
- Þriðji flokkur (2 atkvæði)
- Einstaklingsaðild (1 atkvæði)

Gert var stutt hlé á fundi eftir kosningar á meðan á talningu stóð. Í millitiðinni var óskað eftir framboðum til skoðunarmanna reikninga: Ragnar og Bjarni buðu sig fram og voru samþykktir samhljóða af fundargestum.

Niðurstöður kosninga til stjórnar GB voru eftirfarandi:

Anna, Elín, Sirrý og Sunna hljóta atkvæði til tveggja ára. Alexander hlýtur kosningu til eins árs.

8. Önnur mál

Opnað var fyrir tilnefningar til Grænu skóflunnar 2023, viðurkenningar vegna bygginga með framúrskarandi áherslum í umhverfismálum.

Þakkar voru veitar fráfarandi stjórnarmönnum, Ragnars og Alexöndru.

Fleira var ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.